

# Ytra mat grunnskóla Grunnskólinn á Suðureyri

Ytra mat þetta er unnin á vegum Násmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Ísafjarðarbæ.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Gunnar Gíslason  
© Násmatsstofnun, 2015.

ISBN 978-9935-433-63-3

## Efnisyfirlit

Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Aðferðir og framkvæmd . . . . .	7
Grunnskólinn á Suðureyri . . . . .	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi . . . . .	8
Stefna skólans . . . . .	8
Starfsmenn . . . . .	10
Nemendur . . . . .	10
Árangur náms . . . . .	10
Samræmd könnunarpróf . . . . .	10
Starfstími. . . . .	12
Sérfræðiþjónusta . . . . .	13
Niðurstöður . . . . .	14
Svið I - Stjórnun . . . . .	14
Fagleg forysta . . . . .	15
Stefnumótun og skipulag . . . . .	18
Samskipti heimila og skóla . . . . .	20
Svið II - Nám og kennsla . . . . .	22
Nám og námsaðstæður . . . . .	22
Þátttaka og ábyrgð nemenda . . . . .	25
Námsaðlögun . . . . .	26
Svið III – Innra mat . . . . .	28
Framkvæmd innra mats. . . . .	28
Umbótastarf í kjölfar innra mats . . . . .	30
Svið IV Skólabragur . . . . .	31
Styrkleikar og tækifæri til umbóta . . . . .	33
Heimildir. . . . .	41



## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á grunnskólanum á Suðureyri sem fór fram á vorönn 2015. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur*.

## Stjórnun

Skólastjóri vinnur skipulega með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu skólans og í starfsáætlun ársins. Í skólanum er mikið lagt upp úr jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Skólinn nýtur mikils trausts og velvilja í samfélaginu. Aðkoma kennara að stefnumótun er lýðræðisleg þegar horft er til sjálfsmatsins. Stundaskrár nemenda eru samfelldar og tímafjöldi dreifist jafnt á alla vikudaga. Sveigjanleiki í viðmiðunarstundskrá er nýttur til að skapa samfellu í námi nemenda.

Vinna þarf skólanámskrá með markvissri aðkomu allra aðila skólasamfélagsins og tryggja þannig lýðræðislega aðkomu að stefnumótun skólans. Tryggja þarf að aðrir starfsmenn en kennarar taki reglulega þátt í fundum og séu formlegir aðilar að skólasamfélaginu. Skólastjóri þarf að vera virkur þátttakandi í innra mati og tryggja framgang umbóta hverju sinni, með aðkomu allra aðila skólasamfélagsins. Æskilegt er að skólastjóri fylgist reglulega með námi og kennslu til þess að veita kennurum markvissa endurgjöf og hvatningu. Skólastjóri þarf að vera aðili að formlegu samstarfi við foreldrafélag og funda reglulega með stjórn þess. Þá þarf skólaráð að setja sér starfsáætlun og vinnureglur.

## Nám og kennsla

Skólinn er án aðgreiningar og leitast er við að haga námi og kennslu þannig að sérhver nemandi fái kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Skólabragur einkennist af virðingu fyrir margbreytileika. Almennt taka nær allir nemendur sem það eiga að gera, samræmd könnunarpróf. Frammistaða nemenda í 7. bekk hefur eflst undanfarin ár og er nú alveg um landsmeðaltal á báðum fögum. Samkennsla er skipulögð til ákveðins árabils í nokkrum fögum. Nemendur fá áætlanir um námsyfirferð til viku eða mánaðar í senn. Nemendur eru öruggir og ganga vel til verka í kennslustundum. Upplýsingatækni er notuð til náms. Nemendur eiga fullgilda þátttakendur í skólaráði og fulltrúar þeirra eru kosnir lýðræðislega.

Framsetningu námsvísa/áætlanir um nám og samkennslunámsgreinar þarf að setja samræmt fram, gera opinberar og kynna vel fyrir nemendum og foreldrum svo nýtist betur í námi. Gæta þarf þess að grunnþáttum menntunar sé gerð skil í námi nemenda. Auka verður hlut valgreina á unglíngastigi til að uppfylla ákvæði laga um að nemendur hafi val í 20% af námstíma sínum. Endurskoða ætti náms- og kennsluhætti í stærðfræði á unglíngastigi með það að markmiði að ná betri árangri. Greina þarf hvað veldur slökum árangri á samræmdum könnunarprófum og setja fram markvissa áætlun um viðbrögð. Nýta ætti Námfús betur og kynna markvisst fyrir hlutaðeigandi. Efla þarf samstarf nemenda og samræður í námi enn frekar. Æskilegt er að tengja nám nemenda enn frekar við áhugasvið þeirra og auka þátttöku nemenda við að setja sér markmið og meta eigin árangur í námi. Tengja má nám nemenda betur við fjölmenningu sem einkennir samfélagið. Huga þarf að því að allir nemendur jafnt bráðgerir nemendur sem og aðrir hafi krefjandi verkefni við hæfi. Skipuleggja þarf og skrá skimanir og mat sem fram á að fara yfir skólagöngu nemenda og skrá viðbrögð við niðurstöðum þeirra. Efla verður sérfræðibjónustu við skólann, s.s. með því að skipuleggja reglulegar heimsóknir sérfræðinga.

## Innra mat

Í starfsáætlun skólans er birt fimm ára sjálfsmatsáætlun fyrir árin 2010-2015. Unnið hefur verið skipulega eftir þessari áætlun á þessu tímabili. Notast er við Gæðagreini 2 og fram kemur að helstu þættir skólastarfsins eru metnir. Lýsa þarf betur framkvæmd innra matsins, fræðilegum grunni þess og markmiðum. Fram kemur í gögnum hverjir skipa matsteymið og hver er ábyrgðaraðili matsins hverju sinni. Fyrir liggja skýrslur sem unnar hafa verið í kjölfar matsins fyrir öll árin. Í máli skólustjóra kom fram að ekki hefur verið unnið nægjanlega vel úr niðurstöðum og umbótaáætlunum sem gerðar hafa verið hefur ekki verið fylgt eftir sem skyldi. Skipuleggja og framkvæma þyrfti kerfisbundið mat á kennslu og fagmennsku kennara með mati skólustjóra, jafningjamati kennara eða mati á nýjungum í kennsluháttum. Kerfisbundið mat og ígrundun kennara þarf að virkja og gera að hluta af daglegu starfi þeirra. Þá þarf að tryggja að kennarar, aðrir starfsmenn, nemendur og foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, ásamt því að taka þátt í umræðum um þróun og umbætur í kjölfar matsins.

## Skólabragur

Í skólanum ríkir jákvæður andi. Viðhorf samfélagsins til skólans er jákvætt og styðjandi. Sameiginlegur skilningur er hjá starfsmönnum að viðhalda góðum skólabrag og stuðla að vellíðan nemenda. Gerðar eru væntingar til nemenda um jákvæða hegðun og samskipti. Agavandamál eru fátíð. Fylgst er með líðan nemenda og fram kemur að nemendur telja góðan vinnufrið í kennslustundum. Allir nemendur á viðeigandi aldri eru í nemendaráði og kjósa fulltrúa lýðræðislega úr sínum hópi í skólaráð. Skólinn hefur sett sér að vinna samkvæmt áætlun um varnir og viðbrögð við einelti og samkvæmt uppbyggingarstefnunni um skólastarf almennt. Samskipti eru almennt góð og skólareglur virtar.

Skólinn hefur sett sér gildi sem ætti að kynna betur og vinna skipulega með. Huga þarf að því að allir aðilar skólasamfélagsins komi að mótun stefnu um skólabrag og endurskoðun reglna. Kynna þarf skipulega fyrir hlutaðeigandi þær reglur og áætlanir sem skólinn vinnur með. Auka þarf stigvaxandi val nemenda og ábyrgð og þátttöku við skipulag náms sína.

## Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á grunnskólanum á Suðureyri. Matið var framkvæmt af Gunnari Gíslasyni og Þóru Björk Jónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 23.-27. febrúar 2015. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í grunnskólanum á Suðureyri voru fjórir þættir metnir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skóla-bragur.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitarstjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var *skólabragur*. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Lítið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4. Þar sem fjallað er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

## Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.<sup>1</sup> Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmats-

<sup>1</sup> Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niður stöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

stofnun undanfarin fimm ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneytið lét fara fram árin 2003 og 2008 en engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Fundur til kynningar á matinu var haldinn 23. febrúar 2015 fyrir allt starfsfólk skólans og sveitarstjórn og þá var einnig farið með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir hjá flestum kennurum og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum nemenda og foreldra voru valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra. Sérstökum spurningum vegna fjórða matsþáttarins, skólabrags, var beint til allra rýnihópanna.

Vettvangsathugunin stóð yfir í tvo daga auk kynningardagsins. Farið var í 19 kennslustundir hjá fimm kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, lífsleikni, náttúrufræði, eðlisfræði, myndmennt og upplýsingatækni. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

## Grunnskólinn á Suðureyri

### Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Á Suðureyri við Súgandafjörð búa 270 manns. Suðureyri er hluti af sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ, með um 3.600 íbúa. Grunnskólinn á Suðureyri er einn fjögurra grunnskóla í Ísafjarðarbæ. Skólalald hófst á Suðureyri 1908 þegar tekið var í notkun nýtt skólahús og var starfsemin þar til 1958. Núverandi skólahús var tekið í notkun 1958 og viðbygging við skólahúsið var tekin í notkun 1983. Skólinn stendur miðsvæðis í þorpinu og skólahúsið er rúmí 700 fermetrar á tveimur hæðum. Í nóvember 2005 var tekið í notkun nýtt íþróttahús sambyggt við skólann. Sundkennsla fer fram í sundlaug sem er samtengt íþróttahúsinu. Enginn nemandi í þorpinu á um lengri leið að fara en 600 til 700 metra í skólann. Nemendur skólans eru frá Suðureyri og sveitunum í Súgandafirði, bæjunum Bæ og Stað sem eru í 3 til 4 km fjarlægð frá skólanum.<sup>2</sup> Foreldrar taka að sér akstur barna sinna sem hafa um lengri veg að fara.

### Stefna skólans

Einkunnarorð skólans, *Ástundun – Árangur – Ánægja*, eru birt á heimsíðu.

Stefna skólans er birt í starfsáætlun og handbók foreldra á vef:

- að fylgja markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og námsmarkmiðum hennar eftir því sem kostur er
- að leggja áherslu á að fylgja skólastefnu Ísafjarðarbæjar varðandi hina ýmsu þætti skólastarfsins
- að koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda eins og kostur er

<sup>2</sup> Starfsáætlun.



- að skólinn sé öruggur og aðlaðandi vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk þar sem þeim líður vel
- að skapa nemendum þær námsaðstæður sem nýtast þeim sem best til að þroska hæfileika sína og ná sem bestum árangri í námi
- að vekja áhuga nemenda á námi og efla sjálfsvirðingu þeirra
- að í skólanum ríki góður starfsandi þ.e. að samvinna nemenda og starfsfólks sé sem best
- að vinna að góðum samskiptum skóla og heimila
- að nemendur borði hollan og góðan mat
- að stuðla að aukinni hreyfingu nemenda

Skólinn hefur sett sér starfsmarkmið fyrir skólaárið 2014-2015 þar sem markmið eru skilgreind, gerð grein fyrir leiðum að markmiðum og tilgreint hvernig árangur verði metinn:

1. Að auka markvisst ábyrgð nemenda á námi og hegðun.

Leið: Með því að vinna stöðugt í anda uppbyggingarstefnunnar og auka sjálfstæði og valhæfni nemenda svo sem við námsáætlanir og sjálfsmat. Viðmiðið er frjalsari skólabragur og aukin ábyrgðartilfinning nemenda.

Árangursmæling : Nemendakönnun Skólapúlsins.

2. Að bæta samskipti milli heimila og skóla.

Leið: Með öflugri upplýsingamiðlun til foreldra. Með útgáfu handbóka, fréttabréfa og með virkri heimasíðu. Einnig með því að hafa reglulega fundi með foreldrum og að vinna náið með foreldrasamfélaginu að öflugum skólastarfi.

Viðmið að allir foreldrar hafi í lok skólaársins fengið aðgang að „Námfúsum“ þar sem ýmsar upplýsingar varðandi námsframvindu nemenda eru geymdar.

Árangursmæling: Með foreldrakönnunum.

3. Að auka hreyfingu nemenda.

Leið: Með því að fara reglulega í íþróttahúsið utan íþróttatíma og / eða með því að auka áhuga á útivist með útikennslu og skipulegum gönguferðum.

Viðmiðið er að alla daga verði einhver skipuleg hreyfing.

Árangursmæling: Nemendakönnun Skólapúlsins.

4. Að auka samvinnu og samhug nemenda, óháð aldri.

Leið: Með því að aldursblanda í ýmis verkefni í félagslífi og einnig í mötuneyti þar sem reglulega er dregið um sætaskipun.

Viðmiðið er að efla samstöðu og félagsþroska nemenda.

Árangursmæling: Með könnunum.

## Starfsmenn

Við skólann starfa sex kennarar auk skólastjóra, þrír þeirra eru í 100% starfi, einn í 50%, einn í 58% og danskennari í 15% starfi. Auk þess eru tveir starfsmenn í blönduðum störfum. Allir kennarar eru með kennsluréttindi, nema danskennarinn. Stöðugleiki er í starfsmannahópnum. Í vetur er einn kennari að leysa af vegna barnsburðarleyfis.

## Nemendur

Í skólanum eru 39 nemendur á vorönn 2015. Samkensla árganga er hjá 1.-3. bekk, 4.-6. bekk og 7.-9. bekk. Enginn nemandi er í 10. bekk þetta skólaárið. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum og samkensluhópum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	6	3	5	7	4	3	5	2	4	0
Samkensluhópar	14 nemendur			14 nemendur			11 nemendur			

Þrír nemendur fá einn sérkenslutíma á viku. Tveir þeirra eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa.

Í skólanum er hátt hlutfall nemenda af erlendum uppruna, eða 16 nemendur af 39, sem er 41% nemenda skólans. Þar af eru 12 sem eiga báða foreldra erlenda og 4 sem eiga annað foreldri erlent.

12 nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Kennsla í móðurmáli nemenda af erlendu bergi er ekki á þessu skólaári en verður að sögn skólastjóra næsta haust ef kennari fæst.

## Árangur náms

### Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

#### Samantekt á niðurstöðum 2010-2014

Nemendafjöldi í árgangi í 4., 7. og 10. bekk hefur verið milli þrjár og fimm en í 4. bekk eru sjö nemendur í árgangi á þessu skólaári. Hafa verið í huga þegar fjallað er um árangur á samræmdum könnunarprófum að miklar sveiflur geta verið vegna þess hve árgangar eru fámennir í skólanum.

#### 4. bekkur

Aðeins eitt ár af síðustu fimm hefur frammistaða nemenda í fjórða bekk nálgast landsmeðaltal sem er 30. Önnur árin er hún verulega undir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Skólinn nær ekki 25 og fer niður í 13 eitt árið í íslensku og 19 í stærðfræði.

Samantekin niðurstaða yfir síðastliðin fimm ár, 2010-2014, gefur til kynna að frammistaða hefur versnað mikið.

Undanfarin fimm ár hafa fjórir af alls 22 nemendum í 4. bekk ekki tekið samræmd könnunarpróf.

**7. bekkur**

Frammistaða nemenda í 7. bekk er nú í ár rétt yfir landsmeðaltal í íslensku og stærðfræði.

Samantekin niðurstaða yfir síðastliðin fimm ár, 2010-2014, gefur til kynna að frammistaða hefur batnað verulega undanfarin ár.

Nær allir nemendur taka könnunarprófin árlega.

**10. bekkur**

Enginn nemandi er í 10. bekk nú í ár.

Frammistaða nemenda í 10. bekk er sveiflukennd undanfarin ár. Árangur er almennt undir landsmeðaltali og alltaf verulega undir í stærðfræði. Athygli vekur að árangur í stærðfræði er nokkuð jafnslakur, liggur á bilinu 20 til 23 og sveiflast ekki á sama hátt og sveiflur í árangri á íslensku og ensku.

Nær allir nemendur taka samræmd könnunarpróf í 10. bekk.

## Framfarir

Framfarir nemenda á samræmdum könnunarprófum milli 4. og 7. bekkjar eru svipaðar og gerist almennt á landsvísu bæði í íslensku og stærðfræði. Framfaratölur eru ekki til fyrir þetta skólaár milli 7. og 10. bekkjar þar sem enginn nemandi er í 10. bekk.

## Þátttaka 2014

Nær allir nemendur taka samræmd könnunarpróf.

## Starfstími

Í starfsáætlun kemur fram að skólastarf hafi hafist mánudaginn 18. ágúst 2014 og ljúki 3. júní 2015. Dagana 18.–22. ágúst unnu kennarar að undirbúningi. Fyrsti skóladagur nemenda var mánudagurinn 25. ágúst. Skóladagar nemenda ásamt foreldradögum eru 177 samkvæmt skóladagatali. Þar ef eru svokallaðir skertir dagar sjö, en þá er ekki fullur kennsludagur nemenda.

Samkvæmt skólastjóra eru þrír dagar taldir tvöfaldir, tveir dagar þegar foreldrar og nemendur mæta í viðtal hjá umsjónarkennara seinni hluta dags, alls fjórum sinnum. Þriðji dagurinn er árshátíðardagurinn en þá eru nemendur að fram á kvöld og hefur hann verið skráður sem tveir dagar. Í starfsáætlun 2014-2015 kemur einnig fram að skólaslitadagur er talinn skertur dagur en sami dagur er einnig starfsdagur kennara. Það má velta fyrir sér hvernig átta klst. starfsdagur er mögulegur með skóladegi nemenda.

Þessa tilhögun, að gera ráð fyrir færri en 180 skóladögum, hefur verið samþykkt af skólasamfélaginu, þ.e. skólaráð og skólanefnd hafa samþykkt skóladagatalið án athugasemda<sup>3</sup>, en benda ber á að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sent frá sér álit dagsett 31. ágúst 2012<sup>4</sup> um mögulega útfærslu á nýtingu 10 annarra skóladaga sem ekki má ákveða nema til eins árs í einu. Eins og í álit ráðuneytis kemur fram telur ráðuneyti ekki heimilt að telja skóladaga tvöfalda.

Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá í 1.-7. bekk. Í 8.-9. bekk eru töflusettar 34 stundir í 8. bekk en 35 stundir í 9. bekk. Til viðbótar þessum stundum kemur fram í gögnum frá skólastjóra að nemendur þessara bekkja sækja 3 stundir í valgreinum til Ísafjarðar einu sinni í viku. Til viðbótar þessu er tekið fram í gögnum frá skólastjóra að sumir nemendur séu í skipulegu íþróttastarfi, starfi með öðrum félagasamtökum, s.s. björgunarsveit, og er það metið sem hluti af vali að hámarki 4 kennslustundir á viku.

Við forföll kennara eru undantekningalaust allar fimm kennslustundir fram til hádegis kenndar í forföllum. Í unglingsdeild sem er með fleiri kennslustundir yfir daginn, kemur fyrir að einstaka tímar falla niður eftir hádegi. Þetta gætu verið á bilinu 10-20 kennslustundir á ári. Stundum er nemendum bættur skaðinn með aukatímum síðar.

<sup>3</sup> Fundargerð fræðslunefndar 4. júní 2014.

<sup>4</sup> <http://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/urskurdir-og-alit/alit/grunnskolar/nr/6780>

## Sérfræðiþjónusta

Á heimasíðu skólans kemur fram að skólinn sækir sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á skóla- og frístundaviði Ísafjarðarbæjar.

Eftirfarandi upplýsingar um Skólaþjónustu Ísafjarðarbæjar eru á heimasíðu Ísafjarðarbæjar:

*Hlutverk skólaþjónustunnar er rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Í því felst m.a. að veita grunnskólum og leikskólum sérfræðiaðstoð og ráðgjöf. Skólaþjónustan veitir eftirfarandi sérfræðiþjónustu: Einstaklingsþjónusta - greining og úrræði. T.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála<sup>5</sup>.*

Að mati kennara hefur sérfræðiþjónustan dregist saman frá fyrri tíð og sérfræðingar lítið komið í skólann í vetur. Telja kennarar sig þurfa meiri kennslufræðilega þjónustu en veitt er. Foreldrar nefndu dæmi um að sérfræðiþjónusta kæmi að því að vinna með mál sem upp kæmu og sögðu að leitað væri eftir sérfræðiaðstoð ef þess þyrfti.

<sup>5</sup> [http://www.isafjordur.is/fjolskyldan/skolathjonusta\\_isafjardarbaejar/](http://www.isafjordur.is/fjolskyldan/skolathjonusta_isafjardarbaejar/)

## Niðurstöður

### Svið I - Stjórnun

Núverandi skólastjóri tók við stjórn skólans haustið 2012. Grunnskólinn á Suðureyri starfar samkvæmt skólastefnu sem birt er á heimasíðu skólans. Einkunnarorð skólans eru: Ástundun – Árangur – Ánægja. Í skólastefnu kemur fram að stefna skólans sé:

- að fylgja markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og námsmarkmiðum hennar eftir því sem kostur er
- að leggja áherslu á að fylgja skólastefnu Ísafjarðarbæjar varðandi hina ýmsu þætti skólastarfsins
- að koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda eins og kostur er
- að skólinn sé öruggur og aðlaðandi vinnustaður fyrir nemendur þar sem þeim líður vel
- að skapa nemendum þær námsaðstæður sem nýtast þeim sem best til að þroska hæfileika sína og ná sem bestum árangri í námi
- að vekja áhuga nemenda á námi og efla sjálfsvirðingu þeirra
- að í skólanum ríki góður starfsandi þ.e. að samvinna nemenda og starfsfólks sé sem best
- að vinna að góðum samskiptum skóla og heimila
- að nemendur borði hollan og góðan mat
- að stuðla að aukinni hreyfingu nemenda

Skólastarf í skólanum er að mestu í anda þessarar stefnu. Kennarar í rýnihópi sögðu að ekki væri til nein skólastefna og það sem kallað er skólastefna væri ekki í gildi, enda kom það fram að hvorki kennarar, aðrir starfsmenn né foreldrar og nemendur komu að gerð hennar. Stjórn skólans byggir að mestu á því sem fram kemur í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá, en það þarf að styrkja nokkra þætti hennar.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

*Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.*

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).*

## Fagleg forysta

### *Stjórnandinn sem leiðtogi*

Skólastjóri leggur mikla rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Hann leggur áherslu á jákvæðan skólabrag, er glaðlegur og leggur áherslu á að vera aðgengilegur. Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu skólans og í starfsáætlun ársins. Kennarar telja að stefnan geti ekki verið skólastefna vegna forms og innihalds. Aðrir starfsmenn þekkja hana ekki og það sama á við um foreldra og nemendur. Þannig er ekki hægt að segja að stefnan sé höfð til hliðsjónar í daglegu starfi hans. Þrátt fyrir þetta eru flest markmið stefnunnar mjög sýnileg í öllu starfi skólans. Kennarar þekktu einkunnarorð skólans, en það gerðu aðrir hópar ekki. Kennarar sögðu að fyrrverandi skólastjóri hafi ákveðið þau en þeir hefðu ekki komið að gerð þeirra og ekki fengið kynningu á þeim.

Skólastjóri miðlar upplýsingum um gæði skólastarfsins og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi. Reglulega er farið yfir og unnið að stefnu skólans og sjálfsmati á kennarafundum. Skólaráð fær kynningu á stefnu og niðurstöðum sjálfsmats, en aðrir starfsmenn fá ekki slíka kynningu og eru ekki með á fundum. Starfsmenn fá flestar sínar upplýsingar í gegnum umsjónarkennara að eigin sögn.

Það er mikill metnaður og vilji til umbóta. Kennarar telja þó að þeir fái litla hvatningu til að sinna starfsþróun. Í starfsáætlun er sett fram áætlun um endur- og símenntun og þar talin upp verkefni sem unnið verði að á skólaárinu. Kennarar nefndu sömu verkefni, en í öðru samhengi.

Skólastjóri fer mjög lítið inn í kennslustundir til að fylgjast með kennslu en segist fylgjast vel með því sem er að gerast enda skólinn fámennur og samskipti mikil.

Skólastjóri er vel meðvitaður um sérstöðu skólans og leggur áherslu á hana í kynningu sinni á skólanum og starfi hans.

### Styrkleikar

- Starfsandi og skólabragur allur er mjög jákvæður. Hann einkennist af jákvæðni, trausti og virðingu.
- Stefna skólans er skýr og birtist á heimasíðu.
- Það ríkir mikill metnaður í skólanum til að gera vel í öllu.

### Tækifæri til umbóta

- Kennarar eru ekki sáttir við stefnu skólans og því væri æskilegt að endurskoða hana og tryggja að allir aðilar í skólasamfélaginu komi að þeirri vinnu.
- Tryggja þarf að allir aðilar skólasamfélagsins þekki stefnu skólans og einkunnarorð.
- Æskilegt væri að skólastjóri fylgdist reglulega með námi og kennslu til að veita kennurum markvissa endurgjöf og hvatningu.

### Stjórnun stofnunar

Skólastjóri vinnur skipulega með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Skipurit er til og er í samræmi við fyrirkomulag stjórnunar. Starfslýsingar eru til fyrir starfsmenn. Ekki liggur fyrir skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna nema að litlu leyti. Kennarar sinna kennslu að mestu í samræmi við menntun og sérhæfingu en vegna fámennis skólans liggur ljóst fyrir að á því eru anmarkar.

Þar sem skólastjóri fer lítið inn í kennslustundir er lítið um endurgjöf til kennara. Fram kom að kennurum og starfsmönnum er sjaldan hrósað. Það gat skólastjóri tekið undir. Skólastjóri segist taka alla starfsmenn í starfsmannasamtöl.

Jafnréttisáætlun er til og birt í starfsáætlun. Hins vegar eru ekki til móttökuáætlanir fyrir nýja starfsmenn eða verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum. Þá eru ekki til verklagsreglur um skjalastjórnun.

Starfsmenn undirrita ekki skjal um trúnað og þagnarskyldu, upplýsinga er ekki aflað um starfsmenn úr sakaskrá og reglur hafa ekki verið settar um upplýsingagjöf um nemendur.

#### Styrkleikar

- Starfsmannasamtöl eru tekin reglulega við alla starfsmenn.
- Starfslýsingar liggja fyrir.
- Jafnréttisáætlun liggur fyrir.
- Kennarar sinna kennslu að mestu í samræmi við reynslu og sérhæfingu í menntun.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf verklagsreglur varðandi meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum, skjalastjórnun, móttöku nýrra starfsmanna og upplýsingagjöf um nemendur.
- Tryggja verður að allir starfsmenn, þ.m.t. verktakar undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Tryggja þarf að ávalt sé aflað upplýsinga úr sakaskrá þegar starfsmenn eru ráðnir.
- Efla ætti endurgjöf og hrós til starfsmanna fyrir vel unnin störf.

#### Faglegt samstarf

Í skólanum er mikið lagt upp úr jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Heilt yfir tekst það mjög vel og hefur áhrif út á við því skólinn nýtur mikils trausts og velvilja í samfélaginu. Það má segja að aðkoma kennara að stefnumótun sé lýðræðisleg þegar horft er til sjálfsmatsins. Það vinna kennarar í hópi án aðkomu skólastjóra. Þar koma fram umbótatillögur sem er unnið með áfram. Í sjálfsmatsvinnunni birtist samstarf kennara helst með formlegum hætti. Það vantar hins vegar alla formgerð í lýðræðislegt samstarf í skólanum og þarf að koma skýrar fram í stefnu skólans.

Kennarafundir eru haldnir reglulega en fundirnir eru ekki boðaðir með dagskrá. Fundargerðir eru færðar í fundargerðarbók en eru ekki aðgengilegar á rafrænu formi. Starfsmannafundir eru ekki haldnir og almennir starfsmenn eru ekki boðaðir á kennarafundi. Viðfangsefni kennarafunda er oftast nám og kennsla og samskipti við nemendur.

Samskipti við leikskólann eru lítil og ekki formleg eða skráð. Samstarf við framhaldsskóla er lítið.

Samstarf við aðra grunnskóla í sveitarfélaginu er eitthvað, aðallega stjórnunarleg og með aðkomu skólaskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Að sögn kennara er verið að vinna með grunnþættina í aðalnámskránni með grunnskólunum á Flateyri og Þingeyri.



### Styrkleikar

- Allt samstarf í skólanum einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti.
- Viðfangsefni samstarfs kennara er fyrst og fremst nám og kennsla og samskipti við nemendur.
- Reglulega er boðað til kennarafunda og fundargerðir ritaðar.

### Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans og í skólastarfinu öllu.
- Tryggja þarf að aðrir starfsmenn en kennarar fái tækifæri til að taka reglulega þátt í fundum og séu formlegir aðilar að skólasamfélaginu.
- Koma þarf á formlegum samskiptum við leikskóla og framhaldsskóla.

### Skólaþróun

Fagleg forysta og markviss leiðsögn skólastjóra mætti vera mun meiri en nú er að mati kennara í rýni-hópi og það sama kom fram í niðurstöðum sjálfsmats 2013 og 2014.

Þróunar- og umbótaáætlun sem gengur undir heitinu starfsmarkmið í starfsáætlun, byggir á stefnu skólans svo og innra mati, sem er reglulegur þáttur í starfi skólans.

Í símenntunaráætlun koma áherslur skólans fram en ekki hvernig starfsmenn sækja símenntun eða hvernig hún á að efla þá í starfi. Samhengi á milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar mætti vera skýrara. Í þessum áætlunum má sjá að kennarar eru hvattir til og leggja sjálfir áherslu á að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi. Innra mat er fastur liður í starfi skólans og hefur verið svo um nokkurra ára skeið. Einn kennari ber ábyrgð á framkvæmd þess og vinnur með öðrum kennurum að matinu án aðkomu skólastjóra.

### Styrkleikar

- Þróunar- og umbótaáætlun liggur fyrir og byggir á stefnu skólans og niðurstöðum innra mats.
- Símenntunaráætlun liggur fyrir og þar koma fram áherslur skólans.
- Skýrt er hver ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.

### Tækifæri til umbóta

- Skólastjóri þarf að taka þátt sem faglegur leiðtogi í innra mati og tryggja framgang umbóta hverju sinni.
- Í símenntunaráætlun verður að koma fram hvernig starfsmenn sækja símenntun og hvernig hún á að efla þá í starfi.
- Hvatning til umbóta og aðgerðir þar að lútandi þurfa að vera kerfisbundnari og markvissari af hálfu skólastjóra.
- Skoða þarf hvernig unnið verður að bættum námsárangri nemenda.
- Tryggja þarf virka þátttöku allra aðila í umbótaferlinu.

## Stefnumótun og skipulag

### Starfsáætlun og skólanámskrá

Engin skólanámskrá er til í skólanum. Starfsáætlun hefur verið unnin fyrir skólann undanfarin ár. Eins og fram hefur komið uppfyllir skóladagatal viðmið um árlegan starfstíma skóla að mestu leyti. Þar er þó ekki gerð fullnægjandi grein fyrir skertum skóladögum og deila má um hvernig hægt er að koma fyrir skólaslitadegi og fullum starfsdegi kennara sama daginn. Starfsáætlun er uppfærð árlega en að sögn kennara ekki með virkri þátttöku þeirra. Hins vegar er starfsáætlun lögð fyrir skólanefnd og skólaráð til staðfestingar. Stefna skólans er birt í starfsáætlun ár hvert. Kennarar þekkja stefnu skólans en niðurstaða innra mats þeirra var að hún uppfylli ekki viðmið sem gera verður til skólastefnu. Að mati kennara er því engin gild skólastefna til fyrir skólann. Aðrir aðilar skólasamfélagsins þekkja ekki skólastefnuna. Námsáætlanir eru til en eru ekki birtar á heimasíðu skólans en þar er starfsáætlun birt. Hins vegar kom fram hjá rýnihópum að heimasíðan er ekki mikið notuð og þörf á að endurnýja hana.

### Styrkleikar

- Starfsáætlun er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar og birt á heimasíðu.

### Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf nýja skólastefnu fyrir skólann með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins.
- Gera þarf skólanámskrá og birta á heimasíðu og tryggja lýðræðislega aðkomu allra aðila skólasamfélagsins að þeirri vinnu.
- Skólastjóri verður að tryggja virka aðkomu starfsmanna að uppfærslu og gerð starfsáætlunar ár hvert.

### Skóladagur nemenda

Vikulegur kennslutími nemenda er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá í 1.-7. bekk. Í 8. bekk eru 34 kennslustundir töflusettar, en 35 kennslustundir hjá 9. bekk. Enginn er í 10. bekk þetta skólaár. Til viðbótar þessum stundum kemur fram í upplýsingum frá skólastjóra að nemendur fari í valgreinar einu sinni í viku til Ísafjarðar í þrjár kennslustundir í senn. Það kemur fram í starfsáætlun að ekki sé víst að þetta fyrirkomulag verði á vorönninni. Þá kemur fram að nemendur geta fengið nám eða þátttöku í íþróttum eða félagsstarfi utan skóla metið sem hluta af námi sínu. Af þessu verður ekki að fullu ráðið hvort nemendur í 8.-9. bekk fá kennslutíma að fullu í samræmi við viðmiðunarstundaskrá eða jafnvel meiri kennslutíma. Valgreinar eru samkvæmt starfsáætlun þrjár kennslustundir á viku, eða tæplega 9% kennslutímans, en eiga að vera allt að 20%. Skólastjóri gerir sér vel grein fyrir þessu en segir fámennið vera helstu fyrirstöðu þess að skólinn geti boðið upp á fjölbreyttara val.

Stundaskrár nemenda eru samfelldar og tímafjöldi dreifist jafnt á alla daga. Frímínútur eru skipulagðar með hliðsjón af aldri og þroska nemenda. Sveigjanleiki í viðmiðunarstundaskrá er nýttur til að skapa samfellu í námi og námsgreinar eru samþættar í ákveðnum tilvikum til að gera nám nemenda heildstæðara. Nemendur eiga sameiginlega tíma í töflu og þannig kost á samvinnu. Samkennsla er einkenni á skólastarfinu og eru námshóparnir skipaðir þannig að 1.-3. bekkur eru saman í stofu, 4.-6. bekkur og 7.-9. bekkur. Samvinna kennara í kennslu er lítil.

### Styrkleikar

- Stundaskrár nemenda eru samfelldar og tímafjöldi dreifist jafnt á daga.
- Frímínútur eru skipulagðar með hliðsjón af aldri og þroska nemenda.
- Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi.
- Nemendahópar eiga sameiginlega tíma í stundaskrá og þannig kost á samvinnu.
- Nám nemenda utan skóla er metið til valgreina óski foreldrar eftir því.

### Tækifæri til umbóta

- Skoða þarf hvernig hægt er að auka val nemenda á unglíngastigi.
- Skoða má hvort ekki liggja frekari tækifæri í samþættingu námsgreina og tengja þannig nám nemenda betur við raunheim þeirra.

### Verklagsreglur og áætlanir

Skólabragur og starfsandi er mjög jákvæður. Það fer hins vegar ekki mikið fyrir formlega mótuðum leiðum til að viðhalda þessum sérlega jákvæða brag en hann virðist innbyggður í óskrifaðar reglur skólans og vera hluti af menningu hans. Skólareglur liggja fyrir og eru settar fram í starfsáætlun og birtar á heimasíðu. Starfsmenn kannast allir við reglurnar. Það kom fram hjá kennurum að þeir eru einnig með bekkjarreglur í kennslustofum. Þær reglur þekkja nemendur og þær eru sýnilegar í skólastofum. Skólareglur og viðbrögð við agabrotum eru í samræmi við ákvæði í reglugerð. Nemendur hafa ekki tekið þátt í að móta skólareglur skólans en segjast hafa tekið þátt í að setja bekkjarreglurnar.

Forvarna- og eineltisáætlanir liggja fyrir og það er unnið eftir þeim. Þá er til staðar móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku en ekki fyrir aðra nýja nemendur og ekki heldur fyrir nemendur með sérstakar þarfir. Það er ekki heldur til áætlun um sérkennslu eða stuðning við nemendur.

### Styrkleikar

- Skólabragur er allur mjög jákvæður og agi almennt mikill og jákvæður.
- Skólareglur og viðbrögð við agabrotum eru í samræmi við ákvæði í reglugerð.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Forvarnaráætlanir liggja fyrir og unnið er eftir þeim eftir því sem við á.

### Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf áætlun um sérkennslu/stuðning og tengja áætlun um kannanir og skimanir til að finna nemendur sem þurfa námsaðstoð.
- Vinna þarf áætlun um móttöku nýrra nemenda, annarra en þeirra sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Vinna þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir.

## Samskipti heimila og skóla

### Skólaráð, foreldrafélag

Skólaráð fundar að jafnaði tvisvar á ári. Boðað er til fundar með dagskrá og þar eru ákvarðanir kynntar og umsagnir gefnar. Fundargerðir eru hins vegar ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans. Skólaráð hefur ekki sett sér starfsáætlun og vinnureglur. Skólareglur hafa ekki verið unnar í samráði við skólaráð. Fulltrúar í skólaráði eru valdir lýðræðislega og fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrahópnum.

Skólastjóri er ekki í samskiptum við foreldrafélagið. Það er á ábyrgð umsjónarkennara. Aðilar eru sammála um að samstarfið sé gott og foreldrar segja andann í samfélaginu gagnvart skólanum vera góðan. Foreldrar telja upplýsingaflæðið gott og það sé ávallt tekið vel á móti þeim, eigi þeir erindi í skólann. Foreldrar og kennarar eru sammála um mikilvægi þess að eiga gott samstarf til að efla skólastarfið.

### Styrkleikar

- Skólaráð fundar reglulega.
- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólalald og skólaþróun eru kynntar í skólaráði.
- Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrahópnum.
- Samskipti skóla og foreldra eru jákvæð og uppbyggjandi.
- Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir úr sínum hópi.

### Tækifæri til umbóta

- Birta ætti fundargerðir skólaráðs á heimasíðu skólans.
- Skólastjóri þarf að vera aðili að formlegu samstarfi við foreldrafélag og funda reglulega með stjórn þess.
- Skólaráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur.

### Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Samstarf skóla og heimila hefur þann megintilgang að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Foreldrar fá kynningu á kennsluáætlunum kennara, foreldraheimsóknir eru skipulagðar, það eru regluleg samtöl við foreldra, virk tölvupóstsamskipti, sérstakar kynningar og opinn dagur.

Ekki er markvisst leitað til foreldra eftir tillögum um það sem betur má fara, en ábendingum þeirra er vel tekið. Foreldrar fá reglubundnar upplýsingar um það sem er að gerast í skólanum og það sem er framundan. Foreldrar fá leiðbeiningar um það hvert þeir eiga að snúa sér vegna mála og þær leiðbeiningar eru birtar í starfsáætlun á heimasíðu. Foreldrar fá reglubundnar og leiðbeinandi upplýsingar um árangur barna sinna í foreldraviðtölum.

Á heimasíðu skólans eru allar helstu upplýsingar um skólastarfið en síðan er ekki mjög virk og foreldrar í rýnihópi sögðu að hún væri ekki mjög aðgengileg.

### Styrkleikar

- Skólastjóri og kennarar skapa foreldrum tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna.
- Foreldrar fá tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í skólanum.
- Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu.
- Upplýsingagjöf til foreldra er virk og markviss og foreldrar vita hvert þeir eiga að snúa sér ef þeir eiga erindi við skólann og starfsmenn hans.
- Foreldrar fá reglulegar og leiðbeinandi upplýsingar um árangur barna sinna í námi.

### Tækifæri til umbóta

- Kynna þarf námsmarkmið og leiðir til að ná þeim betur fyrir foreldrum.
- Leggja þarf meiri rækt við að leita eftir hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu.
- Uppfæra þarf heimasíðu skólans svo hún þjóni hlutverki sínu sem upplýsingaveita.

## Svið II - Nám og kennsla

Í skólustefnu Ísafjarðarbæjar er fjallað um nám og kennslu þar sem lögð er áhersla á að allt starf skóla Ísafjarðarbæjar eigi að einkennast af metnaði og framförum. Skipulag á að leitast við að mæta þörfum einstaklinga og koma til móts við hæfileika hvers og eins. Mat á skólastarfi á að vera fjölbreytt og taka til allra þátta skólastarfsins.

Skipulag kennslu við Grunnskólann á Suðureyri markast af fjölda nemenda. Námshópar við skólann eru þrír, samkennsla árganga er hjá 1.-3. bekk, 4.-6. bekk og 7.-9. bekk. Skólaárið 2014-2015 er enginn nemandi í 10. bekk í skólanum. Hver námshópur hefur sinn umsjónarkennara sem kennir hópnum flestar námsgreinar.

## Nám og námsaðstæður

### Inntak og árangur

Skólinn er án aðgreiningar og leitast er við að haga námi og kennslu þannig að sérhver nemandi fái kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Á heimasíðu koma fram ýmsar almennar upplýsingar um skólastarfið, en heildarupplýsingar um nám og kennslu eru ekki opinberar og skólanámskrá er hvergi sett fram sem ein heild. Skólinn notar Námfús til utanumhalds og skráninga. Þar er ekkert skráð um innihald náms eða markmið. Kennarar segjast þekka skólustefnu sveitarfélagsins en hafa hana almennt ekki til hliðsjónar við skipulag kennslu. Hafin er undirbúningsvinna við að tengja grunnþætti menntunar inn í starfið í samvinnu við aðra fámenna skóla Ísafjarðarbæjar.

Árangur nemenda skólans á samræmdum prófum er almennt undir landsmeðaltali. Nemendur í árgangi í 4., 7. og 10. bekk eru mjög fáir og geta því verið miklar sveiflur milli ára. Almennt taka nær allir nemendur sem það eiga að gera, samræmd könnunarpróf. Árangur nemenda í 4. bekk sveiflast mikið og er mjög mikið undir landsmeðaltali í ár í íslensku og einnig verulega undir í stærðfræði. Frammistaða nemenda í 7. bekk hefur batnað undanfarin ár og er nú alveg um landsmeðaltal í báðum fögum. Árangur nemenda í 10. bekk undanfarin ár sveiflast einnig mjög. Enska liggur að jafnaði nokkuð undir landsmeðaltali, en er eitt árið langt yfir. Íslenskan sveiflast einnig verulega og fór úr landsmeðaltali í mikið undir milli tveggja ára. Árangur í stærðfræði liggur að jafnaði mjög lágt og þar sjást ekki sömu árgangasveiflur og koma fram á ensku og íslensku. Það gefur tilefni til að huga að kennsluháttum í stærðfræði.

### Styrkleikar

- Nær allir nemendur taka samræmd könnunarpróf árlega.
- Frammistaða nemenda í 7. bekk hefur batnað undanfarin ár og er nú alveg um landsmeðaltal í íslensku og stærðfræði.

### Tækifæri til umbóta

- Skrá og birta hvernig grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námi og kennslu.
- Nýta Námfús betur og kynna fyrir foreldrum.
- Gera námsvísa/áætlanir um nám opinberar og kynna vel fyrir nemendum og foreldrum svo nýtist betur í námi.
- Hugsa að því að bæta árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum.
- Endurskoða kennsluhætti í stærðfræði á unglíngastigi með það að markmiði að ná betri árangri.

### **Skipulag náms og námsumhverfi**

Samkennslubekkir fylgjast að í ýmsum fögum, svo sem samfélagsfræði, lífsleikni og náttúrufræði, en nemendur vinna í íslensku og stærðfræði eftir áætlun á eigin hraða. Kennarar segja skipulag samkennslunnar skráð eftir árum og þriggja ára áætlun er í ýmsum greinum. Þessi áætlun er ekki opinber á heimasíðu skólans. Íþróttir eru kenndar allt skólaárið í samliggjandi íþróttahúsi en sund er kennt með námskeiðum að hausti og vori. Sundlaugin er einnig í tengslum við skólahúsið.

Kennsluáætlanir/námsvísar vetrarins fyrir 4., 5. og 6. bekk eru aðgengilegar á heimasíðu en engar upplýsingar eru þar hins vegar um námsvísa eða áætlanir fyrir aðra árganga. Þegar áætlanir um nám og kennslu eru athugaðar kemur fram að ekki gætir samræmis hvernig þær eru settar fram og ekki er heldur samræmi til hve margra anna (2 eða 3) þær ná milli samkennsluhópa. Í viðtölum við nemendur og kennara kom fram að nemendur fá áætlun um hvaða blaðsíður í námsbókum vinna eigi til einnar viku eða eins mánaðar í senn. Að mati eldri nemenda er þetta gott fyrirkomulag. Heimanám tengist áætlunum og að sögn kennara og nemenda eru áætlanir lagaðar að einstaklingum þegar þarf.

Í starfsáætlun er fjallað um fyrirkomulag námsmats þar sem fram kemur að auk umsagnar um árangur í námi fari fram mat á mætingu og hegðun. Samstarf við leikskóla er ekki skráð en felst í sameiginlegum menningarviðburðum, svo sem leiksýningum, og að leikskólabörnin koma í aðlögun í 1. bekk. Engin skipulögð skráð tengsl eru við framhaldsskóla en að sögn skólastjóra fer 10. bekkur árlega í heimsókn í Menntaskólann á Ísafirði.

Nemendur á unglíngastigi hafa val um námsgreinar í þrjár kennslustundir á viku. Valið er í samstarfi við grunnskólann á Ísafirði. Valgreinar sem boðið hefur verið upp á í vetur eru ljósmyndun, myndmennt og Fab. lab. Starf með félagsamtökum eins og björgunarsveitum er metið sem valgrein og einnig íþróttastarf og tónlistarnám.

#### **Styrkleikar**

- Samkennsla er skipulögð til ákveðins árabils í nokkrum fögum.
- Nemendur fá áætlanir um námsyfirferð til viku eða mánaðar í senn.
- Heimanám og áætlanir eru lagaðar að einstaklingum.
- Gerð er grein fyrir námsmati í starfsáætlun.
- Nemendasamtöl eru reglulega um nám og líðan.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Auka verður hlut valgreina á unglíngastigi til að uppfylla ákvæði laga um að þær séu 20% af námstíma nemenda.
- Skrá og setja fram kennsluáætlanir á samræmdan hátt í skólanum.
- Gera kennsluáætlanir og áætlanir um samkennslunámsgreinar opinberar.
- Vinna þarf áætlanir til lengri og skemmri tíma þannig að þær lýsi því sem nemendur eiga að hafa á valdi sínu.
- Efla samstarf um nám nemenda við önnur skólastig til að skapa grunn að samfellu.

### ***Kennsluhættir og gæði kennslu***

Kennarar sýna almennt góða þekkingu á þeim námssviðum sem þeir kenna og skipulag kennslustunda er í heildina gott. Í nokkrum kennslustundum sem matsmenn sátu var aðstoð inni í bekknum ekki nógu vel skipulögð eða nýtt á markvissan hátt og fyrir kom að kennsla var ekki nægilega vel undirbúin.

Umsjónarkennarar kenna flestar greina í sínum námshópi sem samanstendur af þremur árgöngum. Kennsluhættir einkennast af frekar mikilli einstaklingsvinnu nemenda, hvort heldur sem er í námsgreinum sem skipulagðar eru út frá árgangi eða samkennsluhópum. Nemendur eru öruggir í námi sínu og kunna vel til verka, þeir taka óþvingað þátt í samræðum tengt námi þegar færi gefst til þess. Nemendur unnu einir að verkefnum sínum án samstarfs eða umræðna um námið nemenda á milli í tæplega 60% tímann sem matsmenn fylgdust með. Samvinna allra eða hluta af nemendahóps er ívið meiri en gerist þegar lítið er til þeirra rúmlega 500 kennslustunda sem metnar hafa verið í ytra mati á landsvísu.

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi og leiðbeinandi áherslur. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallað er bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengd hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun. Kennarar voru í um tveimur þriðju kennslustundanna í hlutverki fræðara sem er álíka og almennt gerist á landsvísu.

Samband nemenda og kennara er samkvæmt Skólapúlsinum um landsmeðaltal. Þar kemur fram að nemendur telja kennara áhugasama um að þeim líði vel, hlusti á þá og veiti þeim aukaaðstoð ef þarf.

Samkvæmt starfsáætlun og námsvísunum kennara fer námsmat fram með símati og leiðsagnarmati jafnt og þétt. Lokamat er gefið sem bókstafir í yngri bekkjum en tölustafir í unglingadeild. Ekkert kemur fram um viðmið um hæfni eða hvað liggur til grundvallar bókstöfum eða tölustöfum við námsmat. Í sjálfsmati sem kennarar unnu 2013 kemur fram að töluvert skorti á að skólinn standist viðmið aðalnámskrár. Samkvæmt því mati skortir á samræmi og samstarf og markviss vinnubrögð.

### ***Styrkleikar***

- Kennslustundir eru almennt vel skipulagðar.
- Nemendur telja kennara hlusta vel og veita aðstoð ef þarf.
- Nemendur eru öruggir og ganga vel til verka í kennslustundum.

### ***Tækifæri til umbóta***

- Skipuleggja stuðning inni í bekk markvisst þannig að hann nýtist betur til náms nemenda.
- Auka fjölbreytni í kennsluháttum.
- Efla samstarf nemenda og samræður í námi enn frekar.
- Setja fram viðmið um hæfni og árangur sem liggur til grundvallar námsmati.

### ***Námshættir og námsvitund***

Nemendur voru almennt vinnusamir í þeim kennslustundum sem matsmenn mátu. Samkvæmt niðurstöðu Skólapúlsins um virkni nemenda í skólanum kemur fram í svörum nemendanna, að þeir hafa marktækt meiri trú á eigin vinnubrögðum og námsgetu en landsviðmið. Einnig kemur fram meiri þrautseigja í námi sem og meiri ánægja af lestri en viðmið á landsvísu. Nemendur vinna mikið að sömu verkefnum á sama hátt í samkennsluhópum. Nám og kennsla tekur lítið mið af áhugasviði nemenda



eða markmiðum sem hver nemandi setur sér. Nemendur eru með spjaldtölvur til afnota við nám sitt og nýta á ýmsan hátt í námi. Tölvur voru nýttar af nemendum í átta af þeim 19 kennslustundum sem metnar voru. Kennarar nýta upplýsingatækni lítið við kennslu, aðeins var það í kennslustundum sem tengdust upplýsingatækni.

#### Styrkleikar

- Nemendur nýta mismunandi leiðir til náms.
- Upplýsingatækni er notuð í námi.

#### Tækifæri til umbóta

- Tengja nám nemenda enn frekar við áhugasvið þeirra.
- Auka þátt nemenda í að setja sér markmið í námi.

### Þátttaka og ábyrgð nemenda

Í starfsmarkmiðum skólans fyrir þetta skólaár er lögð áhersla á að auka markvisst ábyrgð nemenda á námi og hegðun. Það ætlar skólinn að gera með því að vinna stöðugt í anda uppbyggingarstefnunnar og auka sjálfstæði og valhæfni nemenda við námsáætlanir og sjálfsmat.

#### Lýðræðisleg vinnubrögð

Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda með Skólapúlssi og í tengslum við afmörkuð námsverkefni svo sem lífsleiknivinnu og nemendaráð. Fram kom sú skoðun hjá nemendum að taka mætti meira tillit til þeirra sjónarmiða. Hjá viðmælendum í nokkrum rýnihópum er smæðin talin bæta upp skort á formfestu við að afla sjónarmiða nemenda því allir séu svo nálægir. Nemendur voru ekki á sama máli, í viðtali við þá og í svörum þeirra á Skólapúlssi nefna þeir að ekkert gerist í framhaldi af því að ræða mál sem þurfi að bæta. Hlustað er á nemendur en þeir upplifa ekki að það hafi áhrif. Fram kom í fleiri rýnihópum að nemendur á unglingastigi mættu hafa meiri áhrif á skipulag náms og umhverfis í skólanum.

#### Styrkleikar

- Nemendur telja sig geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendur eiga fullgilda þátttakendur í skólaráði.
- Fulltrúar nemenda í skólaráði eru lýðræðislega kosnir.

#### Tækifæri til umbóta

- Auka þarf áhrif nemenda á nám sitt og námsumhverfi.
- Æskilegt er að skrá ferli um hvernig unnið er með nemendum að þeim umbótum sem þeir leggja til.

### Ábyrgð og þátttaka

Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Þeir þekkja til reglna sem ríkja í skólastarfi þar sem vísað er á hlutverk nemenda og kennara. Nemendur koma ekki að því að setja sér markmið í námi og eru ekki vel meðvitaðir um hver þau eru eða þekkja viðmið um hvaða hæfni þarf til að árangri sé náð.

Nemendur taka ekki markvisst þátt í að meta eigin árangur. Kennarar setja fram námslýsingar fyrir hvern bekk eða samkennduhóp og kenndar námsgreinar sem ná til skólaársins. Þessar námslýsingar eru ekki opinberar. Nemendur fá áætlanir til misjafnlega langs tíma í senn, frá viku til eins mánaðar.

#### Styrkleikar

- Nemendur bera ábyrgð á eigin hegðun og framkomu.
- Nemendur geta skipulagt nám sitt með námsáætlunum.

#### Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku nemenda við að setja sér markmið og tengja við viðmið um hæfni.
- Auka þátttöku nemenda við sjálfsmat tengt viðmiðum.
- Gera öll markmið og áætlanir um nám og árangur í námi opinber og sýnileg.

### Námsaðlögun

#### *Nám við hæfi allra nemenda*

Skólinn er í fjölmeningarsamfélagi með háu hlutfalli nemenda af erlendu bergi. Greina má í umræðum um skólastarfið við nemendur, kennara og aðra hlutaðeigandi að allir nemendur eigi hlutdeild að skólasamfélaginu. Lögð er áhersla á að mæta öllum nemendum innan skipulags skólans án aðgreiningar. Virðing er borin fyrir margbreytileika og rétti allra til virkrar þátttöku í skólastarfi. Verkefnaval eða viðfangsefni endurspeglar ekki sérstaklega áhuga nemenda eða sérstaka hæfileika þeirra. Í skólastarfinu gætti fjölmennings lítið í verkefnavali eða sýnilegum viðfangsefnum nemenda. Nemendur af erlendu bergi fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli en vegna skorts á kennurum er ekki boðið upp á kennslu í móðurmáli nemenda. Það er fyrirhugað um leið og hægt er, allavega í því máli sem flestir erlendir nemendur eiga að móðurmáli.

Í rýnihópum kom fram að ekki er sérstaklega hugað að námi bráðgerra nemenda og mat viðmælenda er að þar þyrfti að huga betur að því að mæta þörfum.

#### Styrkleikar

- Allir nemendur eiga hlutdeild í skólasamfélaginu.
- Skólabragur einkennist af virðingu fyrir margbreytileika.
- Fyrirhugað er að bjóða upp á móðurmálskennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna.

#### Tækifæri til umbóta

- Draga meira fram og lyfta fjölbreyttum hæfileikum nemenda.
- Tengja nám nemenda betur við fjölmenningu sem einkennir samfélagið.
- Huga þarf að krefjandi verkefnum við hæfi allra, einnig bráðgerra nemenda, alla skólagönguna.

### Stuðningur við nám

Fylgst er með námi og framförum nemenda með námsmati og samtölum. Flestir nemendur eru öllum stundum í bekkjaraðstæðum við nám sitt. Ekki er skráð í starfsáætlun eða á heimasíðu hvernig stuðningi er háttáð við skólann. Í viðtali við skólustjóra kom fram að einn kennari sinnir sérstökum stuðningi nemenda, gerir áætlun um sérkennslu og metur tímafjölda og skipuleggur hvernig stuðningi er sinnt. Nám nemenda með sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrá ef þarf. Fram komu áhyggjur hjá kennurum og stjórnanda af því að geta ekki fyllilega mætt sérþörfum nemenda og kennarar kvörtuðu undan því að sérfræðipjónusta við skólann væri ekki nægileg. Ekki eru til skráðir ferlar um skimanir og mat á stöðu nemenda eða viðbrögð við niðurstöðum þeirra.

### Styrkleikar

- Reynt er að mæta námsþörfum nemenda í almennum námsaðstæðum.
- Fylgst er með námi og líðan nemenda.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár ef þarf.

### Tækifæri til umbóta

- Skrá ætti hvaða kannanir og skimanir eru notaðar og hvernig unnið er með niðurstöður þeirra.
- Efla sérfræðipjónustu við skólann, t.d. með því að skipuleggja reglulegar heimsóknir sérfræðinga.

## Svið III – Innra mat

Í starfsáætlun skólans er birt fimm ára sjálfsmatsáætlun fyrir árin 2010-2015. Unnið hefur verið skipulega eftir þessari áætlun á þessu tímabili. Notast er við Gæðagreini 2. Ekki er farið nánar í framkvæmd innra matsins, fræðilegan grunn þess eða markmið. Fyrir liggja skýrslur sem unnar hafa verið í kjölfar matsins fyrir öll árin. Það kom hins vegar fram í máli skólastjóra að ekki hefur verið unnið nægjanlega vel úr niðurstöðum og umbótaáætlunum sem gerðar hafa verið hefur ekki verið fylgt eftir sem skyldi.

### Framkvæmd innra mats

#### *Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi*

Í starfsáætlun er sett fram langtímaáætlun um innra mat til fimm ára. Langtímaáætlunin endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir. Áætlun um innra mat núverandi skólaárs liggur fyrir og kom fram í viðtölum að það er í gangi. Fram kemur í gögnum hverjir skipa matsteymið og hver er ábyrgðaraðili matsins hverju sinni. Ekki fer fram kerfisbundið mat á kennslu og fagmennsku kennara með mati skólastjóra, jafningjamati kennara eða mati á nýjungum í kennsluháttum. Kerfisbundið mat og ígrundun kennara eru ekki virk og ekki hluti af daglegu starfi þeirra, nema það sem metið er í innra mati hverju sinni. Hins vegar fer fram mat á námi, framförum og árangri nemenda með einhverjum hætti reglulega, t.d. símat og kannanir ásamt prófum.

#### Styrkleikar

- Langtímaáætlun um innra mat liggur fyrir og er virk.
- Áætlun um innra mat yfirstandandi skólaárs liggur fyrir og unnið er eftir henni.
- Í gögnum kemur fram hverjir bera ábyrgð á innra mati.
- Allir helstu þættir skólastarfsins eru metnir.

#### Tækifæri til umbóta

- Auka þarf kerfisbundið mat á störfum kennara og gefa þeim tækifæri til að ígrunda starf sitt með skilvirkari hætti en nú er.
- Æskilegt væri að skólastjóri færi reglulega í kennslustundir til að meta kennsluna og veita kennurum markvissa og leiðbeinandi endurgjöf.
- Æskilegt væri að kennarar tækju upp jafningjamat og nýttu það til að prófa starfshætti sína enn frekar.

#### *Innra mat er markmiðsbundið*

Skólinn notar innra mat að litlu leyti til að meta hvort markmiðum hefur verið náð, þar sem þau liggja ekki fyrir í skólanámskrá. Leiðir eða aðgerðir til að ná markmiðum eru því ekki nema að litlu leyti hluti af matinu. Viðmið eru almennt ekki sett um þann árangur sem að er stefnt.

#### Styrkleikar

- Skýr vilji er í skólanum til að móta nýja skólastefnu og vinna að skólanámskrá.

**Tækifæri til umbóta**

- Móta verður skólanámskrá sem uppfyllir ákvæði laga og reglugerða.
- Setja þarf skýr viðmið um námsárangur nemenda og annan árangur skólastarfsins sem stefnt er að.
- Skilgreina betur leiðir, verkefni, aðgerðir og áætlanir til að ná þeim árangri sem stefnt verður að.

***Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum***

Við öflun gagna eru nýttir spurningalistar og gögn úr Skólapúlsinum, ásamt viðtölum að hluta. Það er því nokkur fjölbreytni í öflun gagna. Almennt má segja að gagnanna sé aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu hverju sinni. Að sögn skólastjóra eru niðurstöður samræmdra könnunarprófa nýttar til að greina stöðu og bregðast við.

**Styrkleikar**

- Gagna er almennt aflað með þeim aðferðum sem hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með.

**Tækifæri til umbóta**

- Nýta þarf betur fyrirliggjandi niðurstöður úr ytra mati, s.s. samræmdum prófum og PISA.
- Æskilegt væri að nota fjölbreyttari aðferðir við öflun gagna.

***Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum***

Þegar sjálfsmatsáætlunin var unnin komu starfsmenn og aðrir hagsmunaaðilar í skólanum lítið sem ekkert að því að ákveða matsþættina og forgangsröðun þeirra. Kennarar sinna framkvæmd matsins og geta þannig haft áhrif. Aðrir aðilar skólasamfélagsins virðast koma mjög lítið að því. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem í hlut eiga hverju sinni, eða aflað gagna sem til eru sem lýsa afstöðu þeirra sem hefur gildi í matinu.

Fram kom hjá skólastjóra að ekki er unnið kerfisbundið með niðurstöður matsins eða umbótaáætlanir. Umræður hafa verið um einstaka þætti umbótaáætlana og unnið með þá, en þetta er ekki formleg umræða eða vinna eftir því sem fram kom í viðtali.

**Styrkleikar**

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem í hlut eiga.
- Niðurstöður er kynntar fyrir aðilum skólasamfélagsins.

**Tækifæri til umbóta**

- Tryggja þarf að kennarar, aðrir starfsmenn, nemendur og foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Þegar niðurstöður innra matsins liggja fyrir þurfa hagsmunaaðilar að ræða saman um þróun og umbætur.

## Umbótastarf í kjölfar innra mats

### *Innra mat er opinbert*

Greinargerðir um innra mat hafa verið birtar á heimasíðu. Þær eru ekki allar aðgengilegar þar í dag en hafa verið settar inn, að því er virðist. Það sama á við um umbótaáætlanir. Greinargerðir og umbótaáætlanir eru skýrt fram settar en í mjög knöppu máli og það kemur hvergi fram heildasýn skólans á innra matinu. Í greinargerðum koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið. Niðurstöður matsins virðast ekki vera kynntar formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum.

#### Styrkleikar

- Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu skólans.
- Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans.

#### Tækifæri til umbóta

- Það þarf að skilgreina og birta heildarsýn skólans á innra matið, tilgang og markmið.
- Kynna þar niðurstöður innra mats með markvissari hætti og formgera í starfi skólans.

### *Innra mat er umbótamiðað*

Við greiningu niðurstaðna eru tækifæri til umbóta dregin fram en styrkleikar eru ekki alltaf skýrt fram settir. Umbætur eru skilgreindar á grunni greiningar á styrkleikum og veikleikum, en ekki að höfðu samráði við skólaráð. Umbótaáætlunin er ekki tímasett og er ekki fylgt kerfisbundið eftir. Það kemur ekki fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum, eða hvenær og hvernig árangur er metinn. Hins vegar gátu kennarar og foreldrar nefnt dæmi um umbætur sem innra matið hefur leitt til.

#### Styrkleikar

- Kennarar og foreldrar geta nefnt dæmi um umbætur sem niðurstöður innra matsins hafa leitt til.
- Við greiningu niðurstaðna eru tækifæri til umbóta ávallt dregin fram.

#### Tækifæri til umbóta

- Hafa þarf formlegra samráð við skólaráð þegar umbætur eru skilgreindar.
- Fylgja þarf umbótaáætlun kerfisbundið eftir.
- Umbótaáætlun þarf að vera tímasett, tryggja þarf að ábyrgð á verkefnum sé skilgreind og hvenær og hvernig árangur verður metinn.

## Svið IV Skólabragur

Í 30 gr. laga um grunnskóla er fjallað um skólabrag:

*Öllum aðilum skólasamfélagsins ber að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag.*

*Skólastjórum og kennurum ber að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Foreldrum ber með sama hætti að eiga samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Sama á við um aðra forsjáraðila barna í viðkomandi skóla.*

*Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi. Skólar skulu einnig hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Áætlun skal m.a. framfylgt með því að hver skóli setji sér skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þá skal í skólareglum koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.*

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til jafn ítarlegrar umsagnar og endurskoðunar og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Viðmiðin um skólabrag voru unnin í samstarfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og Námsmatsstofnunar.

### Stefna og viðhorf

Í skólanum ríkir jákvæður andi. Samskipti sem matsmenn urðu vitni að voru góð, hvort sem er innan eða utan skólastofu. Allir rýnihópar nefndu að viðhorf samfélagsins væri jákvætt til skólans og að mati þátttakenda í rýnihópum eru agavandamál fátíð. Kennarar sögðu að skólastjórinn legði áherslu á góðan skólabrag, væri glaðlegur og aðgengilegur. Skólinn er með einkunnarorð sem kennarar þekkja til en nemendur og foreldrar kannast ekki við þau. Stefna skólans er skráð og birt í starfsáætlun skólans. Ekki er einhugur meðal kennara um hvort þessi stefna sé stefna skólans og við sjálfsmat kennara skólans kom fram að þeir telja svo ekki vera og að setja þurfi stefnu.

### Styrkleikar

- Stjórnandi tekur ábyrgð á og hefur forystu um jákvæðan starfsanda.
- Sameiginlegur skilningur er á að viðhalda góðum skólabrag.
- Væntingar eru gerðar til nemenda um jákvæða hegðun og samskipti.
- Engin agavandamál eru að mati stafsmanna.

### Tækifæri til umbóta

- Vinna ætti skipulega með gildin sem skólinn setur sér.
- Allir aðilar skólasamfélagsins ættu að koma að því að móta stefnu um skólabrag.

### Líðan nemenda

Reglulega er fylgst með líðan nemenda með spurningakönnun Skólapúlsins. Líðan og heilsa nemenda eins og hún birtist þar er í flestum þáttum kringum landsviðmið. Fram kemur að tíðni eineltis hefur minnkað milli ára úr því að um 25% nemenda telja sig verða fyrir einelti<sup>6</sup> í 15% sem er þó hærra en landsmeðaltal. Hafa ber í huga að mjög fáir eru í svarendahópnum. Ánægja nemenda af hreyfingu hefur aukist milli ára. Einnig kemur fram að nemendur telja kennara áhugasama um að þeim líði vel.

Skólinn starfar eftir Olweusaráætlun gegn einelti og unnið er samkvæmt uppbyggingarstefnunni. Í starfsáætlun er skráð forvarnarstefna og unnið er eftir forvarnarstefnu Ísafjarðarbæjar. Kennarar og foreldrar í rýnihópi sögðu að leitað væri eftir utanaðkomandi aðstoð ef þyrfti og vel hafi tekist til. Vinnufriður er góður í flestum kennslustundum og samskipti um námið og í frímínútum góð. Að mati nemenda sem svara Skólapúlskönnun, er agi í tímum marktækt mun betri en viðmið landsins í Skólapúlsinum.

### Styrkleikar

- Reglulega er fylgst með hegðun og líðan nemenda.
- Ánægja nemenda af hreyfingu hefur aukist til muna milli ára.
- Kennarar eru áhugasamir um vellíðan nemenda.
- Góður vinnufriður er í kennslustundum.

### Tækifæri til umbóta

- Skrá verkferla til að bregðast við vísbendingum um vanlíðan nemenda.
- Skoða hvar nemendur nefna að einelti eigi sér stað og vinna gegn vandanum.
- Bregðast við því sem fram kemur í könnun að einhverjir nemendur telja sig ekki tilheyra skól-anum eða líða vel þar.

### Nemendalýðræði

Elstu nemendur skólans (7., 8. og 9. bekkur) eru allir í nemendaráði og kosið er í skólaráð úr nemendahópi elstu nemenda. Lítið er um að nemendur hafi áhrif á val verkefna eða framkvæmdir sem snúa að námi og kennslu. Nemendur taka þátt í nemendasamtölum tvisvar á ári með foreldrum og bekkjarfundir eru haldnir í tengslum við lífsleikni á unglingastigi eða þegar nemendaráðsfundir eru, að sögn nemenda. Nemendur segjast geta snúið sér til skólastjóra ef þeir hafa einhver mál að ræða og kennarar telja nemendur opna og ófeimna við að tjá sig um skólamál. Fram kom hjá nemendum að þeim finnst lítið vera gert með það sem þeir eru að kvarta undan. Nemendur tjá sig um málefni skólans, m.a. í gegnum Skólapúlsinn.

### Styrkleikar

- Nemendur í elstu bekkjum skólans taka allir þátt í nemendaráði.
- Lýðræðislega er kosið í skólaráð.
- Leitað er eftir skoðunum nemenda, m.a. með Skólapúlsi.

<sup>6</sup> Tíðni eineltis er mæld með einni spurningu þar sem nemendur eru spurðir hve oft á síðustu 12 mánuðum þeir hafa verið lagðir í einelti og einelti skilgreint á eftirfarandi hátt: *Að vera lagður/lögð í einelti er til dæmis þegar annar nemandi eða hópur af nemendum stríðir öðrum nemanda aftur og aftur, ógnar, slær, sparkar í eða skilur hann útundan.*



**Tækifæri til umbóta**

- Nemendur taki meiri þátt í að skipuleggja nám sitt með því að setja sér markmið.
- Nemendur hafi meira val í námi sínu.

**Verklagsreglur og áætlanir**

Samkvæmt kennurum hefur skólinn sett sér að vinna samkvæmt Olweusaráætlun um varnir og viðbrögð við einelti og samkvæmt uppbyggingarstefnu um skólastarf almennt. Ekkert er skráð um þessar stefnur í opinberum gögnum skólans. Vinnubrögð og áætlanir sem að þeim snúa eru ekki kynntar reglulega fyrir öllum í skólasamfélaginu.

Skólareglur eru sýnilegar á heimasíðu skólans og bekkjarreglur eða sýn á hlutverk nemenda og kennara eru sýnilegar í skólanum. Þarfahringur tengdur uppbyggingarstefnu hangir uppi á veggjum. Skólareglur hafa ekki verið endurskoðaðar nýlega og fulltrúar skólasamfélagsins komu ekki að gerð þeirra.

**Styrkleikar**

- Skólinn hefur sett sér að vinna samkvæmt áætlunum sem leggja grunn að góðum skólabrag.
- Skólareglur eru virtar og samskipti eru í samræmi við þær.

**Tækifæri til umbóta**

- Skrá ætti og birta meira af því sem liggur til grundvallar stefnu skólans.
- Kynna skipulega reglur og áætlanir sem unnið er eftir.
- Vinna þarf að endurskoðun skólareglna með öllum hlutaðeigandi í skólasamfélaginu.

**Styrkleikar og tækifæri til umbóta**

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

**Stjórnun**

Skólastjóri vinnur skipulega með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu skólans og í starfsáætlun ársins. Í skólanum er mikið lagt upp úr jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Skólinn nýtur mikils trausts og velvilja í samfélaginu. Aðkoma kennara að stefnumótun er lýðræðisleg þegar horft er til sjálfsmatsins. Stundaskrár nemenda eru samfelldar og tímafjöldi dreifist jafnt á alla vikudaga. Sveigjanleiki í viðmiðunarstundskrá er nýttur til að skapa samfellu í námi nemenda.

**Tækifæri til umbóta**

- Tryggja þarf að allir aðilar skólasamfélagsins þekki stefnu skólans og einkunnarorð.
- Æskilegt væri að skólastjóri fylgdist reglulega með námi og kennslu til að veita kennurum markvissa endurgjöf og hvatningu.
- Tryggja þarf lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans og í skólastarfinu öllu.
- Skólastjóri þarf að taka þátt sem faglegur leiðtogi í innra mati og tryggja framgang umbóta hverju sinni.

- Hvatning til umbóta og aðgerðir þar að lútandi þurfa að vera kerfisbundnari og markvissari af hálfu skólastjóra.
- Skoða þarf hvernig unnið verður að bættum námsárangri nemenda þar sem árangur er eitt af einkunnarorðum skólans.
- Vinna þarf skólanámskrá, birta á heimasíðu og tryggja lýðræðislega aðkomu allra aðila skóla-samfélagsins að þeirri vinnu.
- Vinna þarf áætlun um sérkennslu/stuðning og tengja áætlun um kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa námsaðstoð.
- Skólaráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Uppfæra þarf heimasíðu skólans svo hún þjóni hlutverki sínu sem upplýsingaveita.

### Nám og kennsla

Skólinn er án aðgreiningar og leitast er við að haga námi og kennslu þannig að sérhver nemandi fái kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Skólabragur einkennist af virðingu fyrir margbreytileika. Almennt taka nær allir nemendur sem það eiga að gera, samræmd könnunarpróf. Frammistaða nemenda í 7. bekk hefur eflst undanfarin ár og er nú alveg um landsmeðaltal á báðum fögum. Samkennsla er skipulögð til ákveðins árabils í nokkrum fögum. Nemendur fá áætlanir um námsyfirferð til viku eða mánaðar í senn. Nemendur eru öruggir og ganga vel til verka í kennslustundum. Upplýsingatækni er notuð til náms. Nemendur eiga fullgilda þátttakendur í skólaráði og fulltrúar þeirra eru kosnir lýðræðislega.

### Tækifæri til umbóta

- Gera námsvísa/áætlanir um nám og áætlanir um samkennslunámsgreinar opinberar og kynna vel fyrir nemendum og foreldrum svo nýtist betur í námi.
- Kennarar þurfa að samræma framsetningu námsvísa og áætlana og gæta þess að grunnþáttum menntunar sé gerð skil í námi nemenda.
- Auka verður hlut valgreina á unglíngastigi til að uppfylla ákvæði laga um að það sé 20% af námstíma nemenda.
- Greina þarf hvað veldur slökum árangri á samræmdum könnunarprófum og setja fram markvissa áætlun um viðbrögð.
- Setja fram viðmið um hæfni og árangur sem liggur til grundvallar námsmati.
- Efla samstarf nemenda og samræður í námi enn frekar og tengja nám þeirra enn frekar við áhugasvið þeirra.
- Auka þátttöku nemenda við að setja sér markmið og meta eigin árangur í námi.
- Tengja nám nemenda betur við fjölmenningu sem einkennir samfélagið.
- Huga þarf að því að allir hafi krefjandi verkefni við hæfi.
- Skipuleggja og skrá skimanir og mat sem fram á að fara yfir skólagöngu nemenda og skrá viðbrögð við niðurstöðum þeirra.
- Efla sérfræðipjónustu við skólann.

### **Innra mat**

Í starfsáætlun skólans er birt fimm ára sjálfsmatsáætlun fyrir árin 2010-2015. Unnið hefur verið skipulega eftir þessari áætlun á þessu tímabili. Notast er við Gæðagreini 2 og fram kemur að helstu þættir skólastarfsins eru metnir. Það þarf að lýsa betur framkvæmd innra matsins, fræðilegum grunni þess og markmiðum. Fram kemur í gögnum hverjir skipa matsteymið og hver er ábyrgðaraðili matsins hverju sinni. Fyrir liggja skýrslur sem unnar hafa verið í kjölfar matsins fyrir öll árin.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Auka þarf kerfisbundið mat á störfum kennara og gefa þeim tækifæri til að ígrunda starf sitt með skilvirkari hætti en nú er.
- Æskilegt væri að skólastjóri færi reglulega í kennslustundir til að meta kennsluna og veita kennurum markvissa og leiðbeinandi endurgjöf.
- Æskilegt væri að kennarar tækju upp jafningjamat og nýttu það til að þróa starfshætti sína enn frekar.
- Setja þarf skýr viðmið um námsárangur nemenda og annan árangur skólastarfsins sem stefnt er að.
- Skilgreina þarf betur leiðir, verkefni, aðgerðir og áætlanir til að ná þeim árangri sem stefnt verður að.
- Tryggja þarf að kennarar, aðrir starfsmenn, nemendur og foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Þegar niðurstöður innra matsins liggja fyrir þurfa hagsmunaaðilar að ræða saman um þróun og umbætur.
- Fylgja þarf umbótaáætlun kerfisbundið eftir.
- Umbótaáætlun þarf að vera tímasett, tryggja þarf að ábyrgð á verkefnum sé skilgreind og hvenær og hvernig árangur verður metinn.

### **Skólabragur**

Í skólanum ríkir jákvæður andi. Viðhorf samfélagsins til skólans er jákvætt og styðjandi. Sameiginlegur skilningur er hjá starfsmönnum að viðhalda góðum skólabrag og stuðla að vellíðan nemenda. Gerðar eru væntingar til nemenda um jákvæða hegðun og samskipti. Agavandamál eru fátíð. Fylgst er með líðan nemenda og fram kemur að nemendur telja góðan vinnufrið í kennslustundum. Allir nemendur á viðeigandi aldri eru í nemendaráði og kjósa fulltrúa lýðræðislega úr sínum hópi í skólaráð. Skólinn hefur sett sér að vinna samkvæmt áætlun um varnir og viðbrögð við einelti og samkvæmt uppbyggingarstefnunni um skólastarf almennt. Samskipti eru almennt góð og skólareglur virtar.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Vinna ætti skipulega með gildin sem skólinn setur sér.
- Allir aðilar skólasamfélagsins ættu að koma að því að móta stefnu um skólabrag.
- Skrá verkferla til að bregðast við vísbendingum um vanlíðan nemenda.

- Skoða hvar nemendur nefna að einelti eigi sér stað og vinna gegn vandanum.
- Nemendur taki meiri þátt í að skipuleggja nám sitt með því að setja sér markmið.
- Nemendur hafi meira val í námi sínu.
- Skrá ætti og birta meira af því sem liggur til grundvallar stefnu skólans.
- Kynna skipulega reglur og áætlanir sem unnið er eftir.
- Vinna þarf að endurskoðun skólareglna með öllum hlutaðeigandi í skólasamfélaginu.

## Frekari greining

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil umbótapörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt - fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbóta- starf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta


## Greining kennslustunda

Almennt voru metnar kennslustundir góðar en nokkrar stundanna falla undir skilgreininguna má bæta. Engin stund var metin frábær og engin kennslustund var óviðunandi.

### Samvinna og einstaklingsvinna

Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að nemendur vinna einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.

**Mynd 1** Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.



Nemendur unnu einir í 58% af þeim kennslustundum sem metnar voru.

### Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nýttu upplýsingatækni í átta kennslustundum af 19 sem matsmenn heimsóttu.

Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í tveimur af þessum stundum.

### Kennsluathafnir

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallað er bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengd hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun.

### Fræðari - bein kennsla


Kennarinn er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsfnið er í forgrunni.

## Leiðbeinandi - hugsmíðahyggja

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur), eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum, eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

**Mynd 2** Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.



Í yfir 60% kennslustunda voru kennsluathafnir kennara fræðandi, sem einkennast af beinni yfirfærslu.

Yfirleitt er skráð í matsskýrslur hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Þar sem ófærð hamlaði skólasókn sumra nemenda þá daga sem matsmenn voru við kennslustundamat er greiningu á fjölda nemenda á kennara sleppt.

Matsblað kennslustundar		Vettvangsathugun í kennslustund
Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl.(upphaf og lok):
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: J/N
<b>Matspáttur:</b>	<b>Vísbendingar:</b>	
Skipulag í skólastofunni/ kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		



## Heimildir

*Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti.* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið.* (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Álit, að því er tekur til skiptingar skóladaga í grunnskólum milli kennsludaga og annarra skóladaga.* (án árs). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/urskurdir-og-alit/alit/grunnskolar/nr/6780>

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Grunnskóli Suðureyrar. Heimasíða. Slóðin er: [www.skolatorg.is/kerfi/sudureyrarskoli/skoli/](http://www.skolatorg.is/kerfi/sudureyrarskoli/skoli/)

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

*Hvítbók um umbætur í menntun.* (2014). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Slóðin er: [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf)

Ísafjarðarbær. Heimasíða. Slóðin er: [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

*Lög um grunnskóla,* nr. 91/2008.

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er: [www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010](http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010)

Reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er: [www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540](http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540)

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: [www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347](http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347)

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er: [www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008](http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008)

*Skólastefna Ísafjarðarbæjar.* Án árs. Slóðin er: [http://www.isafjordur.is/utgefid\\_efni/stefnur/skra/629/](http://www.isafjordur.is/utgefid_efni/stefnur/skra/629/)

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.





